



# Ársskýrsla 2012

## Inngangur

Menntaskólinn á Tröllaskaga hóf starfsemi sína haustið 2010. Hér er gerð grein fyrir nokkrum meginþáttum í starfi skólans á starfsárinu 2012. Fjallað er um skólastarfið og tölulegar upplýsingar eru skoðaðar.

## Nemendur

Kennsla á vorönn 2012 hófst 4. janúar og voru 105 nemendur skráðir í skólann á sex námsbrautum og luku 96 önninni. Tólf nemendur útskrifuðust í maí, 11 stúdentar, 8 af félags- og hugvísindabraut, 1 af listabraut, 1 af náttúrvísindabraut, 1 af tölvunarfræðisviði og 1 af starfsbraut. Á haustönn 2012 hófst kennsla 22. ágúst og voru um 170 nemendur skráðir í skólann, þar af 129 í dagskóla en aðrir í fjarnámi. Sex nemendur útskrifuðust í desember 2012, 4 af félags- og hugvísindabraut og 2 af náttúruvísindabraut. Kynjaskipting á vorönn var 46 karlar og 53 konur en á haustönn 75 karlar og 80 konur.

Þegar kemur að skiptingu nemenda eftir búsetu kemur í ljós að uppistaða nemenda er úr Fjallabyggð eða milli 80 og 90%. Á vorönn 2012 komu 52% nemenda frá Siglufirði, 36% frá Ólafsfirði, 4% frá Dalvík og 7% annars staðar af landinu. Á haustönn komu um 42% nemenda frá Siglufirði, 38% frá Ólafsfirði, 10% úr Dalvíkurbyggð og um 9% annars staðar af landinu.

Á vorönn 2012 var aldurskipting nemenda eftirfarandi: 64 (67%) voru á aldrinum 16-20 ára, 18 (19%) voru 21-25 ára og 14 (14%) voru á aldursbilinu 26-52 ára. Á haustönn 2012 var skiptingin eftirfarandi: 101(59%) var á aldrinum 16-20 ára, 18 (10%) voru 21-25 ára og 36 (21%) voru á aldursbilinu 26-67 ára. Þessa fjölgun eldri nema má trúlega skýra með því að á haustönn bauð skólinn fyrst formlega upp á fjarnám.

## Brottfall

Ef brottfall er skilgreint sem mismunur á nemendum sem sannarlega hefja nám og þeirra sem skila sér til prófs var meðalbrottfall á árinu 2012 5%.

## Nýtingarhlutfall

Á vorönn 2012 var meðalnýtingarhlutfall í hópum 71,5% ef reiknað er með 25 nemendum í bóklegum hópum og 15 í listgreina- og tölvuhópum. Á haustönn var meðalnýtingarhlutfall í hópum 124%. Meðalnýtingarhlutfall í hópum á árinu var því 97,75%.

# Nám

## Námsframboð

Menntaskólinn á Tröllaskaga starfar eftir nýjum framhaldsskólalögum frá 2008. Stúdentspróf við skólann eru 200 einingar.

Við MTR eru eftirtaldar námsbrautir virkar og í boði:

- Félags- og hugvísindabraut
- Fisktæknibraut (haust 2012)
- Íþróttá- og útivistarbraut
  - íþróttasvið
  - útivistarsvið
- Listabraut
  - myndlistarsvið
  - listljósmyndunarsvið
  - tónlistarsvið (í samstarfi við Tónskóla Fjallabyggðar)
- Náttúruvísindabraut
- Starfsbraut
- Umhverfis- og auðlindabraut (samstarf FAS, FNV og ME undir merkjum Fjarmentaskólans haust 2012)

Allar námsbrautir byggjast upp á sama kjarna, sérhæfingu, bundnu vali og frjálsum vali, svið innan brauta hafa þar að auki sérhæfingu. Frjálsa valið nýtist til enn frekari sérhæfingar til undirbúnings frekara náms eða til að stunda nám á öðrum brautum eftir áhugasviði sínu.

## Skipting nemenda á námsbrautir

Braut	Vor 2012	Haut 2012
Félags- og hugvísindabraut	38	52
Fisktæknibraut	1	1
Íþróttá- og útivistarbraut	11	22
Listabraut	22	35
Náttúruvísindabraut	21	32

Starfsbraut	7	9
Umhverfis- og auðlindabraut		14
Viðbótarnám til stúdentsprófs		2
10. bekkingar		14
Ótilgreind fjarnámsbraut		6

### Innleiðing aðalnámskrár

Menntaskólinn á Tröllaskaga vinnur eftir nýrri aðalnámskrá og hefur gert frá stofnun skólans 2010. Allar áfangalýsingar skólans eru unnar og mótaðar í samræmi við það.

### Kennsla og stjórnun

Auk skólameistara starfa við skólann:

- aðstoðarskólameistari/áfangastjóri í 50% starfi
- fjármálastjóri í 25% starfi
- námsráðgjafi/fagumsjón starfsbrautar í 75% starfi
- umsjónarmaður fasteignar, tækja, tölvukerfis og ljósmyndastúdíós í 100% starfi
- starfsmaður sem sér um skrifstofu, bókasafn og þrif í 100% starfi
- tveir stuðningsfulltrúar í 50% starfi (einn á vorönn en tveir frá hausti 2012)
- iðjupjálfi í 50% starfi á starfsbraut (haust 2012)
- kennarar skólans á vorönn 2012 voru 10, þar af aðeins einn í 100% starfi (aðstoðarskólameistari, fjármálastjóri, ásamt námsráðgjafa stunduðu jafnframt kennslu og fylltu þar með 100% starf). Heildarstöðugildi kennara á vorönn 2012 voru 7,92. Á haustönn 2012 fjölgaði kennurum og voru þeir 15, í 10,1 stöðugildi.
- aðrir starfsmenn skólans voru 5 í 4,5 stöðugildum á haustönn og 7 á vorönn í 6,3 stöðugildum. Til viðbótar var samningur við Tónskóla Fjallabyggðar um 25% starf við tónlistarkennslu, hljóðupptöku og hljómsveit.
- Á haustönn voru því 15 starfsmenn í 12,42 stöðugildum og á vorönn 22 í 16,4 stöðugildum.

Allir kennarar eru með réttindi sem framhaldsskólakennarar og langflestir með framhaldssnám.

## Kennsluhættir og námsmat

Menntaskólinn á Tröllaskaga er dreifnámsskóli með áfangakerfi. Fyrirkomulag námsins gerir nemendum kleift að ljúka stúdentsprófi á þremur til þremur og hálfu ári.

- Allir nemendur skólans eru með eigin fartölvur sem tengdar eru neti skólans.
- Skólinn notar opinn hugbúnað í starfi sínu.
- Haldið er utan um allt námsefni og kennslu í kennslukerfinu Moodle.
- Í skólanum er viðhaft símat og því engir formlegir prófadagar.
- Námið er skipulagt í vikulöngum lotum og fá nemendur reglulega endurgjöf á verkefni sín og frammistöðu.
- Miðannarvika, skólastarfið er brotið upp eina viku um miðja önn og þá kenndir aðrir stuttir áfangar en nemendur eru í þá önnina.
- Nýsköpunaráfangi, Tröllaskagi
- Allir nemendur taka einn áfanga í listum.

Allt námsefni utan kennslubóka er í kennslukerfi skólans ásamt verkefnum og öðrum upplýsingum. Á sama hátt er öllum verkefnum sem við á, skilað í sama kennslukerfi. Miðað er við að nemandinn ljúki námi í skólanum á samfelldum vinnudegi þar sem námið skiptist í nám undir verkstjórn kennara, sjálfstætt nám með aðgengi að námsaðstoð eða fjarnám. Við skólann eru viðhafðar fjölbreyttar námsmatsaðferðir í formi leiðsagnar- og símats.

Um miðja önn er skólastarfið brotið upp og nemendur fara í styttri áfanga í ýmsum greinum. Þar eru áfangar í íþróttum og útivist, listum og bóklegir áfangar. Markmiðið er meðal annars að vekja áhuga nemenda á öðru en því sem þeir eru hefðbundið að gera en markmiðið er einnig að mynda samstarf við aðra skóla.

Tröllaskagi er nýsköpunaráfangi fyrir alla nemendur þar sem þeir skoða fyrrihluta annar ýmislegt á svæðinu sem frumkvöðlar hafa byggt upp. Frumkvöðlarnir koma í skólann, sýna sitt og segja frá, í miðannarviku gefst nemendum kostur á að heimsækja þá og vinna saman í hópum að skilgreiningu og uppbyggingu eigin fyrirtækis. Síðari hluta annar vinna þeir síðan áfram að hugmyndinni og sýna á sýningu í annarlok.

## Mat

Í skólasamningi fyrir tímabilið 2010-2012 kom fram að skólinn legði áherslu á að nemendur og starfsmenn sýndu frumkvæði í störfum sínum, væru skapandi í starfi og sýndu áræði með því að ganga ekki einungis troðnar slóðir heldur útfærðu verk sín á annan hátt en hefðbundið telst. Þá hefur einnig verið lögð áhersla á að Að þessum markmiðum var unnið á fyrstu tveimur starfsárum skólans og er unnið enn. Að sjálfsögðu eru þetta

langtímamarkmið um leið og hvert skref að þeim birtist sem skammtímamarkmið. Í skólanum fer fram blómlegt starf í listum og sköpun og á hverri önn sýna nemendur verk sín í skólanum og úti í samfélaginu. Skólinn hefur einnig sóst eftir samstarfi við ýmsa aðila úti í samfélaginu með það í huga að koma á góðum tengslum skólans og samfélagsins. Það markmið hefur náðst og er ástæða til að fylgja því eftir.

Í sjálfsmatsskýrslu fyrir 2011-2012 kom fram að smæð skólans væri ákveðinn veikleiki þegar kæmi að nýtingu námshópa og þyrfti því að grípa til einhverra ráða til að bæta það. Eins og fram kom hér á undan breyttist nýtingarhlutfallið verulega milli anna 2012. Það má meðal annars rekja til þess að fjarnám var tekið upp við skólann og eru fjarnemendur í sömu námshópum og staðnemar og hefur það gefist ágætlega.

Stefnt var að því að koma sjálfsmatsaðferðum skólans í öruggari farveg og hefur talsverð vinna farið fram við það. Í tengslum við það hafa markmið skólans verið til umræðu og endurskoðunar.

Skólinn setti sér það markmið að brottfall nemenda yrði undir 20% til ársins 2012 en eftir það 12%. Eins og fram kom hér á undan hefur þetta markmið náðst miðað við fjölda nemenda í áfanga sem skila sér til lokamats.

## **Fjármál, rekstur**

Rekstur skólans á árinu 2012 var í góðum farvegi. Áætlun stóðst og var rekstur skólans hallalaus.

## **Samstarf við aðra**

Menntaskólinn á Tröllaskaga á í margskonar samstarfi við aðra aðila. Í stefnu skólans kemur fram að skólinn vilji hafa áhrif á nærumhverfi skólans á skapandi hátt og eiga samstarf við fyrirtæki og félagasamtök. Þetta hefur gengið eftir og á skólinn gott samstarf við fyrirtæki og félagsamtök í nærsamfélaginu, t.d. varðandi Tröllaskagaáfanga, vinnustaðanám starfsbrautarnema og styttri námskeið í miðannarviku.

Skólinn á einnig í samstarfi við aðrar skólastofnanir. Má þar nefna samvinnu við FAS, FSN og ME um mótun og kennslu á námsbraut í umhverfis- og auðlindafræði, samvinnu við FSN og FNV um þróun fisktæknibrautar. Á árinu hófst einnig samstarf við Verzlunarskóla Íslands um fjarkennslu efri áfanga sem ekki fæst nægur nemendafjöldi í innan skólans. Þá var skrifað undir samstarfssamning við Háskólann á Akureyri um fisktækni. Einnig er samstarf við Grunnskóla Fjallabyggðar um fjarkennslu 10. bekkinga í inngangsföngum, samstarf við Tónskóla Fjallabyggðar um tónlistarkennslu og samstarf við Knattspyrnufélag

Fjallabyggðar um knattspyrnuakademíu. Þá ber þess einnig að geta að skólinn á í samstarfi við Slysavarnafélagið Landsbjörgu um kennslu í björgun á íþróttá- og útivistarbraut. Það nám sækja einnig björgunarsveitarmenn á svæðinu.